



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

18. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn föstudaginn 5. september 2025, kl. 13:00 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Alexandra Rós Jóhannesdótti, Elvar Harðarson boðaði forföll. Fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er Sigríður Björk Gylfadóttir. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir aðstoðarskólastjóri Flúðaskóla í forföllum Jóhönnu Lilju Arnarsdóttur skólastjóra, Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Leikskólans Undralands, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands og Auður Hanna Grímsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla. Hjalti Sigurðsson, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands boðaði forföll. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Málefni Flúðaskóla

1. Erindisbréf skólanefndar

Lagt fram endurskoðað erindisbréf skólanefndar.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið og vísar erindisbréfinu samhljóða til samþykktar sveitarstjórnar.

2. Drög að starfsáætlun Skólanefndar kynnt

Formaður lagði fram drög að starfsáætlun skólanefndar.

Nefndin samþykkir starfsáætlun skólanefndar samhljóða en gert er ráð fyrir sex fundum nefndarinnar á skólaárinu. Jafnframt samþykkir nefndin að formanni verði falið að ræða við Ingvar Sigurgeirsson til að kanna hvort hann geti stýrt skólapingi sem haldið yrði í september.

3. Skýrsla leikskólastjóra Undralands

Í skýrslunni kom eftirfarandi fram:

Eins og undanfarin ár er lögð áhersla á börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að börnin öðlist sjálfstæði og læri samkennd. Mikilvægt er að börnin eigi í jákvæðum samskiptum og að starfsmenn noti jákvæðan aga í skólastarfinu.

Í ágúst tók gildi nýtt skóladagatal sem er að stórum hluta samræmt skóladagatali Flúðaskóla og eins og undanfarin ár var tekinn er með í reikninginn „Betri vinnutími“ eða sem oft er nefnt stytting vinnuvikunnar.

Fjöldi barna í leikskólanum er samtals 45 börn. Á Völuhóll eru 18 barn, á Stekkhóll eru 15 börn, og á Grænhól eru 12 börn (verða orðin 12 þann 8. september). Þá er elsta barn á biðlista tæplega eins árs mánaða.

ART AHG SBA
FB KP TAB

Á Grænhól eru yngstu börnin 15 mánaða til rúmlega eins árs. Deildarstjóri þar er Valný, leikskólaliði og leikskólakennaranemi.

Á Stekkhól frá tveggja til fjögurra ára, deildarstjóri er Sintija leikskólakennari.

Á Völuhól eru elstu börnin frá fjögurra til fimm/sex ára, deildarstjóri þar er Elma B.ed í leikskólakennarafræðum. Elma er jafnframt staðgengill leikskólastjóra.

Sérkennslustjóri er Auður Hanna þroskaþjálf.

Þetta skólaárið er búið að fullmanna leikskólann en eins og áður þá vantar leikskólakennara til að uppfylla lagalegar kröfur um að 2/3 starfsmanna skuli vera leikskólakennarar. Það fólk sem er er öflugt og vinnur sín störf af heilindum og fagmennsku.

Heildarfjöldi starfsmanna verður 15 á deildum, tvær í eldhúsi o.fl. auk sérkennslustjóra og skólustjóra. Flestir eru í 100% starfi.

Fagmenntun er þannig að skólustjóri er B.Ed. leikskólakennari með M.Ed í stjórnun skólafnana. Sérkennslustjóri er menntaður þroskaþjálf. Einn deildarstjóri með leikskólakennarapróf frá Lettlandi, einn deildarstjóri er með B.Ed í leikskólakennarafræðum og einn deildarstjóri er leikskólaliði og leikskólakennaranemi. Aðrir kennarar eru einn sem er M.Ed. leikskólakennari frá Póllandi og einn sem er með B.Ed í leikskólafræðum frá Ungverjalandi. Einn leiðbeinandi er í leikskólaliðanámi.

Á síðasta ári var mikil og góð samvinna milli deildarstjóra Völuhóls og kennara 1. bekkjar í Flúðaskóla. Reiknað er með að sú samvinna haldi áfram.

Unnið var í þróunarstarfi að „Snemmtækri íhlutun“ skólaárið 2024-25 þar sem áherslan er á mál og læsi. Þeirri innleiðingu á að ljúka í nóvember 2025 og verður þá orðin til handbók um snemmtæka íhlutun þar sem starfsmenn setja niður hvernig þau ætla að vinna með það áfram og tengja við Aðalnámskrá leikskóla.

Skólaárið 2025-2026 er ætlunin að fara í annað þróunarverkefni sem er innleiðing á „Jákvæðum aga“ en það er verkefni sem Flúðaskóli er einnig að fara í ásamt grunn- og leikskólanum í Reykholti.

Áfram verður aðal áhersla Undralands umhyggja fyrir börnunum og útinámið mun áfram skipa stóran sess í öllu starfi. Skólinn er að nafninu til heilsueflandi leikskóli en hefur ekki sinnt því að neinu ráði en vonir standa til þess að hægt sé að leggja meiri áherslu á það á þessu skólaári.

Mikilvægt er að allir vinni í takt og því fer megin tími starfsdaga og fundi um starfið en að sjálfsögðu skiptir velferð barnanna mestu máli mog hvernig hægt sé að koma til móts við þarfir hvers og eins. Það má leiða að því líkum að til að ná árangri í starfinu með börnunum er vænlegast að hafa sem flesta með í ráðum þ.e. að leita eftir skoðunum og áhuga hvers starfsmanns og ekki síst barnanna þegar það á við.

Tími til samstarfs er þó af skorum skammti innan leikskólans en með sterkari starfsmannahópi og aukinni reynslu aukast tækifærin til þess. Starfsdagar eru nýttir til hins ítrasta í þessa vinnu.

Leikskólustjóri horfir björtum augum til komandi vetrar með þeim verkefnum og áskorunum sem alltaf fylgja skólastarfi.

Nefndin þakkar greinargóða skýrslu.

ARB
KP
AHG
SBG
ARJ
FP

4. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla

Í skýrslunni kom eftirfarandi fram:

Flúðaskóli var settur föstudaginn 22. ágúst í 96. skipti.

Í sumar hefur margt breyst og miklar endurbætur hafa verið unnar á skólabyggingunni. Félagsmiðstöðin hefur fengið nýja aðstöðu hér í húsinu og mun deila rými með skólanum í Kvíadal og Tónastöðum. Skólasel og Frístund verða einnig í þessum rýmum. Þau hafa fengið mikla andlitslyftingu. Þá hafa salerni á kennslugangi verið endurnýjuð, ásamt fataklefum þar.

Í vetur verður lögð áhersla á þætti sem tengjast innra starfi svo sem jákvæðum aga en í skólastefnu Hrunamannahrepps kemur fram að skólarnir komi sér saman um stefnu og verkferla varðandi agamál, einelti og samskipti. Ákveðið var að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæðan aga og hófst innleiðingin í fyrra með kynningu fyrir alla starfsmenn. Flúðaskóli sótti um styrk hjá Endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir innleiðingunni og fékk jákvætt svar. Innleiðingin er í samvinnu við Undraland og Reykholtsskóla. Jákvæður agi snýst um að kenna börnum aga með virðingu, samvinnu og uppbyggilegum samskiptum, þannig að þau þrói með sér sjálfsaga, ábyrgð og félagsfærni sem fylgir þeim út í lífið. Kjarninn er sá að börn læra best þegar þau upplifa virðingu, öryggi og tilheyra hópi, en ekki þegar þau eru hrædd eða refsað. Markmiðið er að kenna ábyrgð og sjálfsaga í stað þess að stjórna með refsingum eða umbunum. Áhersla er á að sýna góðvild og festu á sama tíma.

Skólinn hefur nú keypt aðgang að gæðakerfinu Bravolesson í samstarfi við grunnskólana í Uppsveitum og Flóa. BRAVOlesson er stafrænt stuðningstæki sem hefur það að markmiði að efla faglegt skólastarf með kerfisbundinni skoðun og endurgjöf á kennslu. Við lítum á þetta sem góðan lið í að efla innra mat og auka gæði skólastarfsins.

Lykiltölur:

- Nemendur eru 82 talsins, 73 úr Hrunamannahreppi og 8 úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
- Samkennsla er í 2. og 3. bekk, 4. og 5. bekk, 6. og 7. bekk og 8. og 9. bekk. Auk þess er samkennsla á öllu unglingastiginu í nokkrum tímum á viku.
- Kennarar (þar af tveir leiðbeinendur sem eru í meistaranámi) eru 11 í 9,4 stöðugildum.
- Einn kennari er stundakennari sem kennir 19% í tónmennt.
- Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu eru hvor um sig í 50% stjórnun og 50% kennslu. Einn kennari er stundakennari, í 19% starfi
- Stuðningsfulltrúar eru 7, í alls 5 stöðugildum. 4 af þessum stuðningfulltrúum vinna einnig í Skólaseli/Frístund og er það starf inni í þessum stöðugildum.
- Einn starfsmaður hefur verið ráðinn inn í 0,75% stöðuhlutfall til að sinna ÍSAT kennslu.
- Mikil aukning hefur orðið í þörf á stuðningi og sérkennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál. Í vetur munum við því leggja enn frekari áherslu á að sinna þeim nemendum. Nemendur sem eiga báða foreldra af erlendu bergi eru 14 talsins, eða 17%, aðallega í yngri bekkjum. Þessir nemendur eiga allir rétt á ÍSAT kennslu. Auk þess er sérkennsla sem snýr að málþroskaröskun og lestrarerfiðleikum ásamt hegðunaráskorunum. Einnig verður ART þjálfun nýtt markvisst í vetur á yngsta- og miðstigi.

Nefndin þakkar greinargóða skýrslu.

ART AHG
KP FX OBC
IBB

5. Umbótaáætlanir skólanna kynntar

Lögð fram umbótaáætlun Leikskólans Undralands vor 2025.

Leikskólastjóri gerði grein fyrir forsendum og þeirri vinnu og úrbótum sem fram hafa farið varðandi umbótaáætlun leikskólans.

Hér viku fulltrúar Leikskólans Undralands af fundi.

Lögð fram umbótaáætlun Flúðaskóla vor 2025.

Aðstoðarskólastjóri gerði grein fyrir umbótaáætlunni sem byggir að stórum hluta á vinnu í kjölfar niðurstaðna Skólapúlsins. Skólinn mun vinna með þessa þætti áfram en vonast er til að innleiðing jákvæðs aga muni hafa áhrif ásamt annarri vinnu. Ræddar voru hugmyndir um það hvernig auka megi samskipti heimilis og skóla og tók aðstoðarskólastjóri niður minnispunkta úr umræðum á fundum og verður unnið með þá áfram.

6. Áætlun um skólaakstur kynnt

Aðstoðarskólastjóri lagði fram áætlun um skólaakstur og kynnti breytingu á akstursleiðum en ein leið hefur fallið út þar sem engin börn eru lengur í grunnskólanum frá Auðsholti.

7. Kynning á starfi frístundar/skólasels Flúðaskóla

Aðstoðarskólastjóri kynnti starfsemi Skólasels/Frístundar sem nú hefur tekið til starfa í nýju húsnæði. Ánægja ríkir með breytingarnar og þykja þær hafa tekist vel. Annars vegar er starfsemin fólgin í gjaldfrjálsu Skólaseli og hins vegar í Frístund sem greitt er fyrir. Gert er ráð fyrir að allir verði í skólaseli eða 34 nemendur. Eftir að skólabílar fara tekur Frístund við. 29 nemendur eru skráðir í Frístund.

22 eru skráðir í Frístund á föstudögum en það er nýjung sem greinilega hefur verið tímabær viðbót við þjónustu. Umsjónarmaður Skólasels/Frístundar er Orri Ellertsson

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

Freyya Þorhelsdóttir
Alexandra Þórs Jóhannesdóttir
Audur Hanna Grímsdóttir
Katrín Þorvaldsdóttir
Sigríður Björk Gylfadóttir
Jónbjörg Þjámsdóttir